

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB frá 7. apríl 2003 um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB frá 7. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2003/28/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann